

Unglingabækur!

Hallveig Thorlacius

Martröð

Leitin er hættuspil, hún tekst á við glæpahyski sem svífst einskis, rannsakar eiturfjasmýgl - og kynnist fjölskyldu sem hún vissi ekki einu sinni að hún ætti.

„Ég heiti Hrefna Guðmundsdóttir.

Fædd í Mexíko. Tökubarn.

Þú þarft ekkert að verkenna mér. Ég á meiriháttar mömmu sem heitir Ólöf og er leirlistakona og svona allt í lagi þabba sem heitir Guðmundur og flytur út íslenskt vatn.

Besta vinkona mín heitir Kristín, við erum í Hagaskóla og fermdumst í Dómkirkjunni á pálmásunnudag. Já, ég gleymdi að segja þér að ég er hreinræktaður indjáni. Þess vegna er ég svona lítil.“

Augað

Hallveig Thorlacius

Hún heitir Hrefna Esmeralda, er fjórtán ára og gengur í Hagaskóla. Venjulegur íslenskur unglingur að öðru leyti en því að hún er hreinræktaður indjáni, fædd í Mexíkó, lang minnst í bekknum, með þykka svarta fléttu niður á rass og samvaxnar augnabrúnir og hún er fljótari að hlaupa en flestir aðrir. Frá því hún var þriggja ára hefur hún alist upp á Tómasarhaganum.

Ævintýrin elta Hrefnu á röndum og nú lendir hún í æsilegri atburðarás á Kanaríeyjum. Hún kemst í tæri við alræmdustu glæpaklíku Evrópu sem meira að segja teygir anga sína til mexíkósku mafíunnar en alvöru þabbi Hrefnu var einmitt að vinna fyrir hana. – Hvað er gert við fjórtán ára stelpur sem er rænt? Hverslags fólk getur hugsað sér að selja lítil börn? Hrefna og vinir hennar, Kjartan og Kristín, lenda í honum kröppum og spennan stigmagnast fram á síðustu blaðsíðu.

Þetta er önnur bók Hallveigar Thorlacius um ævintýri Hrefnu en sú fyrri heitir **Martröð**.

Carpe diem

Eyrún Ýr Tryggvadóttir

„Ástin er flókið fyrirbæri.

Að vera í 10. bekk er áskorun útaf fyrir sig.

Að eiga vonlausa foreldra sökkar feitt.“

Carpe Diem er eftir Eyrúnu Ýr Tryggvadóttur og Kristjönu Maríu Kristjánsdóttur.

Birna er ný í skólanum og hálfutanveltu. Heimilislífið er ekki upp á sitt besta, enda á móðir hennar við ýmis vandamál að stríða og föður sinn hefur Birna hvorki séð né heyrt í mörg ár. Fyrirmyndarunglingurinn Hallgrímur æfir fótbolta og spilar á gítar. Hann á samheldna fjölskyldu og hefur allt til alls. Þrátt fyrir ólíkan bakgrunn eiga þau margt sameiginlegt. Inn í söguna fléttast samskipti við skólafélagana og fjölskylduátök að ógleymdri ástinni sem aldrei er langt undan.

Ef þú bara vissir

Marta María Jónasdóttir og Þóra Sigurðardóttir

Fyrir algjöra slysi kemst Klara að skelfilegu leyndarmáli sem kollvarpar tilveru hennar og fjölskyldunnar. Hún verður að grípa til sinna ráða og í slagtogi við Rebekku, fyrrum Andrésar andar meistara í svigi, og Rut, sem er óformlegur Íslandsmeistari í að setja á sig brúnkukrem,

hefst hún handa við að bjarga því sem bjargað verður áður en leyndarmálið kemst upp og veröld hennar springur.

Í ofanálag er draumaprinsinn fluttur til landsins og er langtum fullkonnari en hana hafði órað fyrir. Nú eru góð ráð dýr og kominn tími til að brýna klærnar!

Galdrasteinninn

Harpa Dís Hákonardóttir

Hér takast Erla og nýju vinir hennar, konungsbörnin Hlynur og Laufey, á við ýmsar þrautir til þess að aflétta álögum hins dularfulla galdrasteins. Ferðin um Álfheima verður viðburðarík og æsispennandi, enda bíður þeirra háski við hvert fótstíga.

Fangarnir í trúnu

Harpa Dís Hákonardóttir

Árið 2009 kom út fyrsta bók Hörpu Dísar, **Galdrasteinninn**, og er **Fangarnir í trúnu** sjálfstætt framhald þeirrar bókar en Harpa var einungis 16 ára þegar Galdrasteinninn kom út.



Erla er að undirbúa boð heima hjá sér þegar hún er skyndilega hrifin til Álfheima. Hún kemst að því að vinum hennar, konungsbörnunum, er haldið föngnum af Völmundi galdrakarli og svartdvergnum hans í álagaskóginum í Furudal og hún ein getur bjargað þeim. Í skóginum eignast Erla sérstaka en góða vini sem hjálpa henni og hún fær einnig óvænta aðstoð frá lærisveini Völmundar. En þó að Erlu takist að frelsa vini sína er aðeins hálfur sigur unninn því leiðin til baka liggur um þverhnipta kletta, fjöll og dali og yfir Vonleysisá. Ekki er heldur víst að svartdvergarnir leyfi þeim að sleppa svo auðveldlega ef þeir skjóta upp kollinum.

Teikningar: Þórir Karl Bragason Celin

Galdur Vísdomsbókarinnar

Galdur Vísdomsbókarinnar er spennandi saga eftir **Iðunni Steinsdóttur**, sem gerist fyrir 1000 árum eða svo. Í henni leitar kappinn Hrólfrur Vísdomsbókarinnar til að geta kveðið niður ævafora jarlsfrú sem rís upp frá dauðum og ógnar Humlabyggð. Það er aðeins eitt til bjargar og það er að finna Vísdomsbókina sem hefur verið týnd í margar aldir.

Hún geymir ótal töfraþulur sem geta skipt sköpum fyrir sögupersónurnar. Þetta er mikil háskaför meðal annars á slóðir sjóræningja en heima bíður unnustan, Silkisif. Bókin er skrifuð undir áhrifum frá hinum skemmtilega ævintýraheimi í Fornaldarsögum Norðurlanda.

Mánudagur - bara einu sinni í viku

Iðunn Steinsdóttir

Unnur er í 9. bekk og alveg búin að fá nóg af látunum í skólasystkinum sínum. Mánudagar eru sérstaklega slæmir. Fannar og vinir hans grípa hvert tækifæri til að stríða bekkjarfélögunum. Krakkarnir forðast þá eins og heitan eldinn en Fannari finnst það bara fínt, þá vita þeir ekki hvernig honum líður í raun og veru.

Ingi er nýfluttur heim frá Þýskalandi. Hann er helsta fórnarlamb strákanna en Unnur fær hann í lið með sér til að gera uppreisn gegn ofbeldinu og stríðninni. Í þessum fjölbreytilega unglingshópi er ekki allt sem sýnist. Ýmislegt óvænt kemur í ljós og um vorið líta krakkarnir til baka og vita að þeir munu aldrei gleyma þessum vetri - vetrinum þegar allt breyttist.

Heimili fröken Peregrine fyrir sérkennileg börn

„Ég var nýbúin að sætta mig við að líf mitt yrði ósköp venjulegt þegar óvenjulegir hlutir fóru að gerast.“

Heimili fröken Peregrine fyrir sérkennileg börn er ævintýrasaga fyrir unglunga og fullorðna eftir bandaríska höfundinn **Ransom Riggs** í þýðingu Ragnheiðar Margrétar Guðmundsdóttur.

Þegar Jakob er lítill strákur segir afi Portman honum sögur af dularfullu barnaheimili sem hann ólst upp á og sýnir honum furðulegar ljósmyndir af munaðarlausum börnum. Sextán ára gamall er Jakob hættur að taka mark á þessum lygilegu sögum og það er ekki fyrr en eftir fjölskylduharmleik sem hann fer að gruna að kannski sé eitthvað hæft í frásögn afa hans. Jakob fer til afskekktar eyju við strönd Wales að leita að barnaheimilinu en þar fer líf hans að flækjast með hætti sem hann hefði aldrei getað órað fyrir.

Æsispennandi saga um dularfulla eyju, sérkennileg börn og merkilegt barnaheimili sem verið hefur ofarlega á metsölulista erlendis allt frá útgáfu bókarinnar og notið hefur mikillar hylli fantasíulesenda. Twentieth Century Fox hefur þegar keypt kvikmyndaréttinn af bókinni.

Ransom Riggs er bandarískur rithöfundur og leikstjóri og Heimili fröken Peregrine fyrir sérkennileg börn er fyrsta skáldsagan sem hann sendir frá sér. Upphaflega ætlaði Riggs að taka saman gamlar myndir í ljósmyndabók en þar sem hann lá yfir gulnuðum myndum af börnum í undarlegum búningum spratt fram sagan af barnaheimilinu hennar fröken Peregrine og sérkennilegu skjólstæðingunum hennar.

Með hetjur á heilanum

Guðjón Ragnar Jónasson

Kæri lesandi ! Ég heiti Sigurður Ólafsson... Kannski er ég aðeins of formlegur - ég byrja aftur. Ég heiti Siggi og er 13 ára brettaþingur að byrja í 8. bekk. Þótt ég hafi alist upp í Reykjavík hefur mér alltaf þótt gaman að fara í sveitina á sumrin til frændfólks míns í Fljótshlíðinni. Áki frændi er sérlega montinn af því að búa á söguslóðum Njálu. Hann talar gamaldags íslensku sem er bráðsmitandi. Það er nefnilega alveg hægt að vera brettaþingur en tala samt eins og fornhetja.

Það held ég nú, o sei sei !!

Síðasta sumar breyttist allt heldur betur. Meðal annars eignaðist ég marga nýja vini og suma þeirra ekki einu sinni af þessum heimi.

Góða skemmtun!

Siggi

Mitt eigið harmagedón

Dagbjört Elísabet er að verða sextán ára og hefur fengið sumarvinnu á leikskóla þegar líf hennar tekur stakkaskiptum.

Hún er alin upp í samfélagi votta Jehóva en þetta sumar kynnist hún nýjum vinum og heillandi valkostum sem verða til þess að vekja spurningar um þá trú og lífsstíl sem hún hefur treyst á alla tíð. Um haustið þegar Dagbjört byrjar í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti, er hún

breytt manneskja og tekst á við námið með nýjum styrk.

Einstök og einlæg saga þar sem tveir ólíkir heimar takast á.

Fyrsta barnabók Önnu Heiðu Pálsdóttur, *Galdrastafir og græn augu*, kom út árið 1997. Hún þýddi þrífleik Philips Pullman, *Gyllta áttavítann* (2000), *Lúmska hnífinn* (2001) og *Skuggasjónaukann* (2002) á íslensku auk *Gallabuxnaklúbbsins* eftir Ann Brashares (2003). Hún hefur um árabil kennt ritlist við Háskóla Íslands og Endurmenntun HÍ, auk fjölda námskeiða í bókmenntum og bókmenntafræði við HÍ.

Anna er fædd 1956 og hefur doktorsgráðu í barnabókmenntum frá Coventry University á Englandi (2002).

Nikký og slóð hvítu fjaðranna

eftir **Brynju Sif Skúladóttur** er fyrsta bók höfundar. Veroníka, kölluð Nikký, er ellefu ára og býr með mömmu sinni í Reykjavík. Vorið er komið og þær mæðgur eru á leið til Sviss þar sem mamma Nikkýjar ætlar að láta gamlan leiklistardraum rætast. Nikký langar ekkert sérstaklega mikið með – en hún hefur vart stigið út á brautarstöðinni í Zürich þegar duldir hæfileikar hennar hrinda af stað ótrúlegri atburðarás.

Hvernig í ósköpunum tengist draumurinn sem Nikký hefur dreymt síðan hún var lítil, staðháttum og fólki í Sviss, þar sem hún hefur aldrei komið áður? Brúin ... bláklæddi maðurinn með stingandi augun ... og hvítu fjaðrirnar?

Eftir háskaleg ævintýri, þar sem Zak, hinn sautján ára vinur hennar er aldrei langt undan, uppgötvar Nikký hvar rætur hennar liggja. Hún lærir að beita dularfullum hæfileikum sínum og fær loksins botn í stóra spurningu sem hefur leitað á hana lengi.

Myndir gerði Hjörleifur Skorri Þormóðsson.

Nikký og slóð hvítu fjaðranna er fyrsta bók **Brynju Sifjar Skúladóttur**. Hún er fædd 1969 og er menntaður rekstrarfræðingur og markþjálfari. Brynja Sif býr nú í Svíþjóð og starfar við ritstörf og markþjálfun.

Nikký og baráttan um bergmálstréð

Nikký er orðin 12 ára gömul og í sumarfríinu ætlar hún ein til Sviss þar sem föðurfjölskylda hennar vinnur við stóran sirkus. Nikký hefur lært að nota einstaka náðargáfu sína sem gerir það að verkum að enn og aftur sogast hún inn í magnaða hringiðu þar sem galdrar, álög og dularfull öfl taka völdin í hinum litríka sirkusheimi. Nú reynir á Nikký að beita hæfileikum sínum og áráðni til að leysa málin áður en illa fer.

Bækurnar um Nikký eftir Brynju Sif Skúladóttur eru bæði spennandi og viðburðaríkar.

Nikký og baráttan um bergmálstréð er sjálfstætt framhald bókarinnar **Nikký og slóð hvítu fjaðranna** sem kom út árið 2013.

Myndir gerði Halla Þórlaug Óskarsdóttir.

Nikký og baráttan um bergmálstréð er önnur bók Brynju Sifjar Skúladóttur. Hún býr í Svíþjóð og starfar þar við ritstörf og markþjálfun. Höfundurinn hefur heimsótt grunnskóla í haust og hefur útbúið verkefni sem miðar að því að efla ímyndunarafli nemenda. Haustið 2013

heimsótti hún 14 skóla um allt land og um 1100 börn leystu verkefnið „Ævintýrið í mér“ við frábærar undirtektir bæði barna og kennara.

Nornafár

Ragnar Gíslason

Ekki er allt sem sýnist og nú reynir á sterkar taugar og mátt fyrirgefningarinnar...

„Þarna sat hún ein á móti öllum, nýkomin af sjúkrahúsinu. Hún var bólgin og marin um allan líkamann og bókstaflega afskræmd í framan. Mamma hafði dregið hana nauðuga niður í skóla á fund. Svokallaðan sáttafund! Hvurn fjárann hafði hún þangað að gera? Hún ætlaði ekki að sættast við einn né neinn!“

Setuliðið

Ragnar Gíslason

Það er ekki hægt að segja að vinirnir í Hafnarfirði eigi dæmigert páskafrí: Uppgröftur, andaglas, beinaleifar, skelfilegur dauðdagi og aðrir óvæntir viðburðir ... hvar eru páskaegginn, bóklestur fram eftir nóttu, sjónvarpsglápið og hangsið með vinunum?

Stundum er hættulegt að gramsa í fortíðinni og dramatískir atburðir aftan úr forneskju verða óvænt hluti af lífi okkar ...

Tengslin eru órjúfanleg og óháð tíma og rúmi: Breskur hermaður úr seinni heimsstyrjöldinni, ógæfufólk frá miðöldum ... og nokkrir krakkar úr Hafnarfirði.

Tara

Ragnar Gíslason

Undarlegir hlutir gerast og skyndilega er Unnar staddur í öðrum heimi...

„Kæri vinur - ég held ég sé ruglaður. Sé hluti sem ég á ekki að sjá. Tala við fólk sem ég þekki ekki og geri hluti sem ég á ekki að gera. Búinn að lumbra á aumingjanum - veit ekki hvernig ... stelpa lætur mig ekki í friði.“

Tími og rúm skarast. Tara nær loks sambandi við Unnar og Konna og saman ferðast þau um ókannaðar víddir sem breyta tilveru þeirra allra á eftirminnilegan hátt.

Rúna trúnaðarmál

Gerður Berndsen

Stundum er gaman að eiga leyndarmál – stundum ekki...

(tekið af vef Salka.is)

Litbrigði galdranna

Pratchett, Terry

Þýð.: Jón Daníelsson

Diskheimur 1

Þetta er fyrsta bókin sem kemur út á íslensku í skáldsagnaröð Pratchetts um þessa furðuveröld. Bækur sem hafa slegið í gegn út um allan heim. Hér koma m.a. við sögu drekar sem kallaðir eru fram af ímyndunaraflinu einu saman, einkar illskeytt ferðakista, tröll, villimenn og síðast en ekki síst hin stórhættulega brún diskheimsins. Höfundurinn, Terry

Pratchett, hefur lengi notið mikilla vinsælda í heimalandi sínu, Bretlandi, fyrir sögur sínar um diskheiminn sem bæði eru afar spennandi og um leið grípandi myndar.

Furðuljósið

Pratchett, Terry

Þýð.: Jón Daníelsson

Diskheimur 2

Önnur bókin í röðinni eftir Terry Pratchett. Diskheimurinn stefnir að því er virðist í óhjákvæmilegan árekstur við illviljaða, rauða stjörnu og það er aðeins á færi eins manns að koma í veg fyrir það. En svo óheppilega vill til að þetta er óvenju lélegur og huglaus galdramaður, Rincewind að nafni. síðast sást til hans þar sem hann féll fram af brún heimsins. Fyndnasta og furðulegasta ævintýrasaga í Vetrarbrautinni og þótt víðar væri leitað.

(tekið af vef bókatiðindi.odd.is)

Gyllti áttavitinn

Pulman, Philip

Gyllti áttavitinn er fyrsta bók margverðlaunaðs þrileiks Philips Pullman um stúlkuna Lýru sem elst upp í fullkomnu öryggi innan um fræðimennina í Jórdanarskóla á Englandi. Þar til einn daginn að börn fara að hverfa, þar á meðal Roger besti vinur Lýru. Lýra einsetur sér að finna vin sinn og sú leit leiðir hana þangað sem norðurljósin prýða himininn, brynjubirnir eru konungar íssins og nornir kljúfa loftið. Þar stunda vísindamenn líka skelfilegri tilraunir en nokkur getur ímyndað sér.

Sagan er upphaf þrileiks Pullmans um myrku öflin en hin tvö bindin heita Lúmski hnífurinn og Skuggasjónaukinn. Þrileikurinn hefur enda sópað að sér verðlaunum í heimalandi höfundarins sem og utan þess og Philip Pullman hlaut meðal annars hin virtu Astrid Lindgren Memorial Award fyrir ritstörf sín.

Anna Heiða Pálsdóttir þýddi.

Lúmski hnífurinn

Pulman, Philip

Lýra hefur yfirgefið sinn heim ásamt fylgjunni Pantalæmon í leit að meiri vitneskju um hið dularfulla Duft. Í borg krakkanna, Cittágazze, kynnist hún Will sem er á flóttu úr enn öðrum heimi eftir að hafa orðið manni að bana. Saman ráðast þau í það verkefni að leita uppi föður Wills sem hvarf með dularfullum hætti á norðurslóðum ellefu árum fyrr. Sú leit tvinnast saman við eftirgrennslan Lýru um Duft og stórbrotnar fyrirætlanir föður hennar, Asríels lávarðar, gegn Almættinu.

Lúmski hnífurinn er annað bindið í þrileik Philips Pullmans um myrku öflin sem hófst með *Gyllta áttavitanum* og endar á *Skuggasjónaukanum*. Þarna er á ferðinni stórbrotin fantasía fyrir börn og fullorðna sem farið hefur sigurför um heiminn. Þriðja bindi þessa magnaða þrileiks Philips Pullmans var tilnefnt til Booker-verðlaunanna, fyrst barnabóka. Anna Heiða Pálsdóttir þýddi.

„Sagan er að mínu mati fyrir lesendur frá 11 til 111 ára, því í henni eru gjafir spennu og gleði, og skiptir engu hvort þeir segjast hafa gaman af ævintýrum eða ekki. Sagan er góð”

*** *Gunnar Hersveinsson, Mogunblaðinu.*

Skuggasjónaukinn

Pulman, Philip

Við upphaf *Skuggasjónaukans* virðist heimurinn á heljarþröm. Lýra er horfin sporlaust, faðir Wills er dáinn og hann er sjálfur aleinn og ráðalaus einhvers staðar í Cittagazze-heiminum. Honum hefur verið skipað að fara með lúmska hnífinn til Asríels lávarðar – það var hinsta ósk föður hans sem lést eftir árás nornarinnar á fjallinu – en hvernig getur Will hugsað um annað en að finna Lýru? Í fylgd englanna Baruks og Baltamosar leggur Will upp í leitina að vinkonu sinni, því aðeins sameinuð geta þau lagt Asríel lávarði lið í því mikla stríði sem hann er að búa sig undir að heyja.

Hér er saga Lýru og Wills, Rogers og sígyptanna, Asríels lávarðar og hinnar dularfullu frú Coulter, aleþúvitans og lúmska hnífsins leidd til lykta. En fyrst þurfa Lýra og Will að ferðast um marga heima, jafnvel allt til heims hinna framliðnu ...

Skuggasjónaukinn, lokabindi þrileiks Philips Pullmans um myrku öflin, hlaut hin virtu Whitbread-verðlaun sem engin barnabók hafði hreppst fram að því. Fyrri bindin tvö, *Gyllti áttavittinn* og *Lúmski hnífurinn*, eru einnig margverðlaunuð í heimalandi sínu og utan þess og hlutu fádæma góðar viðtökur lesenda og gagnrýnenda hér á landi.

„Ég skipa þessu verki í flokk með Hringadróttinssögu Tolkiens!“ *** *Gunnar Hersveinsson, Morgunblaðinu.*

Eragon

Paolini, Christopher

Eragon, fyrsta bókin í bókaflóknum „Arfleiðin“, kom út á íslensku haustið 2005, en hún seldist svo gífurlega mikið að prenta þurfti hana þrisvar áður en árið var liðið.

Eragon finnur gljáfagan bláan stein í skóginum og heldur að hann geti kannski keypt vetrarforða af kjöti fyrir hann. En þegar steinninn fagri reynist vera egg sem drekaungi klekst úr verður ljóst að sveitapilturinn ungi hefur rekist á forna arfleið drekariddaranna, næstum jafngamla sjálfu Veldinu. Á einni nóttu gjörbreytist fábrotið líf piltsins og hann dregst inn í ógnvekjandi nýjan heim stórbrotinna örlaga, töfra og valdabaráttu. Örlög Veldisins eruhugsanlega í höndum hans ...

Christopher Paolini hefur alla tíð hrifist af ævintýrum og vísindaskáldsögum. Þessi hrifning varð til þess að hann byrjaði á þessari fyrstu skáldsögu sinni þegar hann lauk menntaskólanámi, 15 ára að aldri. Frá því að bókin kom út trónaði hún 98 vikur á metsölulista New York Times, og það má með sanni segja að aldrei fyrr hefur skáldverk eftir svo ungan höfund notið eins mikilla vinsælda.

Guðni Kolbeinsson þýddi.

Öldungurinn

Paolini, Christopher

Myrkur fellur á – örvænting grípur um sig – hið illa ræður ríkjum

Eragon og Safíra, drekinn hans, hafa nýlokið við að bjarga Vörðunum frá tortímingu; en Verðirnir eru hópur uppreisnarmanna gegn Galbatorix, hinum grimma konungi Veldisins. Síðan þarf Eragon að halda til Ellesméra, lands álfanna, til að hljóta frekari þjálfun sem drekariddari; í töfrum og vopnfimi. Þar með tekst hann á hendur einstaka ferð, kynnist

áhrifamiklum stöðum og fólki og dagarnir eru hver öðrum ævintýralegrir. En upplausn og svik leynast víða og ekkert er eins og það sýnist. Brátt veit Eragon ekki lengur hverjum hann getur treyst.

Á meðan þessu fer fram neyðist Roran frændi hans til að heyja baráttu á öðrum vettvangi – og sú barátta gæti stefnt Eragon í enn meiri hættu.

Ber svartur hnefi konungs niður alla mótspyrnu? Á baráttan gegn honum eftir að kosta Eragon lífið?

„Eragon: Öldungurinn er stórfenglegt skáldverk þar sem stríð, töfrar og ástin ráða ríkjum og stendur svo sannarlega undir væntingum. – Spannandi og töfrandi ævintýrabók.“

Brísingur

Paolini, Christopher

Brísingur er þriðja bókin um Eragon og drekann hans eftir Christopher Paolini en allar hafa þær notið fádæma vinsælda um víða veröld. Það er um að gera að tryggja sér eintak fyrir jól því af sölu í öðrum löndum að dæma mun bókin rjúka út, en heil 550.000 eintök seldust á fyrsta degi í Bandaríkjunum!

Eragon og Safíra komast við illan leik frá orrustunni við her Veldisins á Brunasléttu. En fleiri raunir bíða þeirra og Eragon er bundinn af lofordum sem ekki er víst að hann geti staðið við. Roran, frændi hans, treystir á aðstoð hans og tryggð, og sama gildir um Verðina, álfa og dvergna. Á háskátímum neyðist Eragon til að taka ákvarðanir sem geta kallað á gríðarlegar fórnir. Verður hann leiðtogi sem sameinar uppreisnaröflin og sigrar konunginn? Eiðar eru svarnir og samstaðan reynd ...

Guðni Kolbeinsson þýddi. JPV gefur út.

„ ... virkilega spennandi og maður bara flettir og flettir og rankar ekki við sér fyrr en maður á að vera löngu farinn að sofa ... Bókin er mjög vel og skemmtilega skrifuð ...“

Eragon – Arfleiðin

Paolini, Christopher

Fyrir ekki svo löngu var Eragon aðeins fátækur sveitastrákur og drekinn hans einungis lítill, blár steinn í skóginum. Nú er hann skuggabani og drekariddari og örlög alls Veldisins hvíla á herðum þeirra Safíru. Áralöng þjálfun og fjöldi bardaga hafa fært sigra og vonir en einnig bitra ósigra og missi. Enn eiga þau lokaorrustuna fyrir höndum – gegn Galbatorix konungi – og þá dugir ekkert nema sigur.

Eragon og Safíra hafa afrekað miklu meira en nokkur bjóst við af þeim en geta þau sigrað hinn illa konung og endurreist réttlátt samfélag í Alagesíu? Og hvað mun slíkur sigur kosta?

Christopher Paolini var á unglingsaldri þegar hann skrifaði fyrstu bókina um Eragon og var tvítugur orðinn metsöluhöfundur um allan heim. Í Arfleifðinni leiðir hann magnaðan sagnaflokk sinn til lykta og aðdáendur fyrri bókanna, Eragons, Öldungsins og Brísings, verða ekki fyrir vonbrigðum.

Guðni Kolbeinsson þýddi.

„Frumlegt verk hæfileikaríks höfundar.“

The New York Times

„Áhrifamikið ævintýri, mögnuð saga.

“ The Bookseller

„Christopher Paolini er frábær rithöfundur sem tekst að skapa ævintýralegan en þó trúverðugan heim. Þessi bók er frábær eins og hinar þrjár og endar stórkostlega, en þó ekki eins og við var búist.“

Guardian

(tekið af vef forlagið.is)

Hringadróttinssaga 1 : föruneyti hringsins : fyrsti áfanginn U-813 Tol Hri 1

Tolkien, J. R. R.

Hringadróttinssaga 2, Föruneyti hringsins : ný fótgangendur U-813 Tol Hri 2

Tolkien, J.R.R.

Hringadróttinssaga 3 : hornablástur í Hjálmsvirki U-813 Tol Hri 3

Tolkien, J.R.R.